

## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 28. apríl 2021.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eypórsson, Leifur Einar Arason og Einar Gíslason.

### **1. Sala á öðrum startbás félagsins**

Framkvæmdastjóri og formaður hafa verið í sambandi við hestamannafélagið Skagfirðing um sölu á öðrum startbás Fáks. Hefð er orðin fyrir því að í kappreiðum keppi einungis tveir í einu og því hefur annar startbás félagsins staðið ónotaður í þó nokkur ár.

Stjórn samþykkir samhljóða að selja Skagfirðingi startbásinn.

### **2. Fáksbókin – Uppsetning og umbrot bókar**

Lagt er fram tilboð Leturvals í hönnun, umbrot og myndvinnslu fyrir bókina „Fákur – þarfasti þjónninn í Reykjavík“ sem fyrirhugað er að komi út næsta haust. Fjárhagsáætlun félagsins verður uppfærð miðað við kostnað við útgáfu bókarinnar.

Stjórn samþykkir samninginn samhljóða.

### **3. Hreinsunardagur Fáks**

Stjórn samþykkir að halda hreinsunardag Fáks miðvikudaginn 5. maí næstkomandi.

### **4. Æfingamótaröð Fáks**

Nokkrir einstaklingar í Fáki hafa tekið sig saman og ætla að halda æfingamótaröð á Hvammsvelli þriðjudag og fimmtudag næstu tvær vikur. Er mótið hugsað sem æfing fyrir Fáksfélaga sem geta svo fengið umsögn frá dómurum.

### **5. Aðalfundur Fáks**

Með breytingu á reglugerð nr. 404/2021 er hægt að halda aðalfund Fáks með allt að 100 þátttakendum í reiðhöllinni Víðidal. Undanfarin ár hefur aðsókn á fundinn verið í kringum 40 manns. Mæti fleiri en 100 til boðaðs fundar verður gripið til ráðstafanna og sýnt beint frá fundinum frá félagsheimili Fáks.

Stjórn samþykkir að halda aðalfund Fáks 18. maí næstkomandi.

### **6. Afmælisnefnd vegna 100 ára afmælis Fáks**

Formaður og varaformaður boðuðu nokkra Fáksfélaga á fund til að ræða 100 ára afmæli á næsta fundi. Fyrirhugað er að stofna formlega afmælisnefnd sem mun hafa yfirumsjón með þeim viðburðum sem fyrirhugaðir eru í tengslum við 100 ára afmæli Fáks.

### **7. Erindi varðandi skiptingu á gerði í Faxabóli.**

Erindi hefur borist um að stjórn gefi yfirlýsingu um hvernig skipting sameiginlegs viðrunargerðis skuli háttað á félagssvæði í Faxabóli.

Stjórn hafnar því að gefa slíka yfirlýsingu með þeim rökum að skipting á sameign er samkomulagsatriði milli eigenda.

## **8. Almannadalur, Vegbrekkur og Hrossnes**

Stjórn samþykkir að óska eftir lögfræðialiti um hvaða rétt félagið hefur gagnvart þeim sem ekki hafa nýtt byggingarrétt sinn á svæðinu.

## **9. Fyrirhugað hjólhýsasvæði í Víðidal**

Formaður og framkvæmdastjóri hafa verið í sambandi við Ómar Einarsson hjá Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur. Reykjavíkurborg er að skoða möguleika fyrir því að vera með hjólhýsasvæði á túninu við kerrusvæðið í sumar og nýta þá innviði sem eru á svæðinu eins og rafmagn og fráveitu.

*Fundi slitið 18:25*

*Fundargerð ritaði Einar Gíslason*

